

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík, 29. ágúst 2019  
UST201906-164/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Göngu- og hjólastígur - Reykjahlíð að Dimmuborgum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Skútustaðahrepps, dagsett 18. júní 2019, um framkvæmdaleyfi til leggja göngu- og hjólastíg frá Reykjahlíð að Dimmuborgum.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að leggja göngu- og hjólréiðastíg frá Reykjahlíð að Dimmuborgum um 5 km leið. Stígurinn verður malbikaður, 2,5 metrar á breidd og aðskilinn akandi umferð með grasi eða gróðurfleti. Stígurinn verður að lágmarki 1,5 metra frá vegi þar sem leyfilegur hraði er 50 km/klst og 3 metra þar sem leyfilegur hraði er 70 km/klst. Á þeim stöðum þar sem fjarlægð er minni verða sett upp vegrið ef ástæða þykir til. Helstu áskoranir eru þar sem stígurinn þverar Hringveg og Mývatnssveitarveg. Tveir til fjórir starfsmenn munu koma til með að koma að framkvæmdinni og notast verður við gröfur og vörubíla. Framkvæmdin hefur þegar fengið leyfi Vegagerðarinnar. Gögn um legu, þversnið og langsnið stígsins ásamt yfirlitsmynd fylgdu umsókn.

#### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn þann 18. júní 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst þann 19. júní 2019. Í umsögninni kemur fram að Náttúrurannsóknarstöðin geri ekki athugasemdir við legu hjólastígs skv. fylgigögnum en bendir á að draga mætti úr raski með því að hafa hann austan vegar á syðsta kaflanum (st. 3900 til 4700) en þar hefur þegar verið rudd braut meðfram þjóðveginum.

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 óskaði Umhverfisstofnun einnig umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 18. júní 2019 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst 25. júní 2019. Þar kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi farið yfir gögn málsins og af myndum af dæma og við skoðun á svæðinu á



loftmyndum er ekki að sjá annað en að framkvæmdir við göngu- og hjólastíg séu að mestu leiti á svæði sem er nú þegar raskað. Að mati stofnunarinnar á því að vera hægt að framkvæma fyrirhugaða „viðbót“ við þjóðveginn án þess að fara mikið inn á ný svæði, en þar sem það verður gert er þó um bein tengsl og viðbót við núverandi vegakerfi að ræða.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi Mývatns og getur jafnvel bætt það, þar sem gera eigi ráð fyrir að bílaumferð minnki eitthvað við lagningu göngu- og hjólastígs. Þar sem fyrirhugaður stígur er á viðkvæmu svæði og mjög nálægt Mývatni telur Náttúrufræðistofnun að mestu skipti að rétt sé staðið að framkvæmdum og að til verksins sé fenginn aðili sem hægt er að treysta fyrir góðri umgengni og að séð til þess að engu landi sé raskað að óþörfu. Jafnframt þarf að vera virkt eftirlit með fyrirhuguðum framkvæmdum og gera ráðstafanir vegna hugsanlegra mengunarslysa, t.d frá vinnuvélum.

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar landeiganda og umráðaaðila lands á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þann 8. júní 2019 vegna framkvæmdarinnar. Fjórar umsagnir bárust vegna framkvæmdarinnar. Umsagnirnar sneru að því að landeigendur töldu sig ekki geta leyft framkvæmd vegna ágreinings við sveitarfélagið um tiltekna lóð, aðrir landeigendur töldu framkvæmdina jákvæða og nauðsynlega til að tryggja umferðaröryggi, en gerð var athugasemd við að stígurinn þveri þjóðveg 848 tvisvar sinnum. Einn landeigandi taldi sig ekki geta veitt umsögn miðað við þau gögn sem voru afhent og lagði áherslu á miklar áhyggjur varðandi umferðaröryggi á stígunum.

Umhverfisstofnun leggur mat á áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Umhverfisstofnun getur því ekki brugðist við umsögnunum sem varða ekki þá þætti eins og eignarhald og/eða umferðaröryggi.

#### ***Áhrifamat:***

Skútustaðahreppur stefnir á að leggja stíg, í samstarfi við Vegagerðina, umhverfis Mývatn. Fyrsti leggur, sem nú er til umfjöllunar, liggur frá Reykjahlíð að Dimmuborgum. Vísað er í gögn málsins til glöggvunar á legu stígarins en hann mun liggja samhliða þjóðvegi 848. Stígurinn mun þvera veg til þess að dregið verði úr raski vegna lagningar hans. Vernd Mývatns og Laxár er skilgreind í sérlögum 97/2004 og í reglugerð 665/2012 og snýr verndargildi Mývatns og Laxár að lífríki, jarðmyndunum og landslagi svæðisins.

Það er mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin hafi ekki áhrif á lífríki eða jarðmyndanir. Svæðið sem stígurinn verður lagður um er innan veghelgunarsvæðis þjóðvegarins og þannig innan raskaðs svæðis og því er það metið sem svo að áhrif á landslag séu ekki umfram það sem fyrir er.

Lagning hjólastígar frá Reykjahlíð að Dimmuborgum telst því ekki hafa áhrif á verndargildi svæðisins.

Kostir framkvæmdarinnar eru að vistvænum samgöngum er gert hátt undir höfði og getur dregið úr akstri á svæðinu. Þá er öryggi hjólreiðamanna og gangandi stórbætt.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Skútustaðahrepp fyrir sitt leyti leyfi til leggja göngu- og hjólastíg frá Reykjahlíð að Dimmuborgum innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Við efnistöku skal þess sérstaklega gætt að ekki verði borin fræ af lúpínu og skógarkerfli inn á svæðið. Vaxi tiltekna plöntur upp af framkvæmdasvæði næstu 5 ár skal framkvæmdaaðili sjá til þess að þær verði fjarlægðar jafnóðum og þær koma upp.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum nr. 1300/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

*Eftirlit:*

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

Virðingarfyllst,



Davíð Örvar Hansson  
sérfræðingur